NESPRESSO
PROFESSIONAL




Nespresso Momento Black Series

Notendahandbók

Velkomin til Nespresso Professional

Ef þú vilt að fyrirtækið nýti sem best **Nespresso** vélina, skaltu eftirláta okkur að leiða þig í gegnum allt sem vélin hefur upp á bjóða. Hún býr yfir mörgum kostum sem þú kemst að og nýtur.
Öllu skiptir að tryggja að þú njótir sömu hágæða, bolla eftir bolla, sem er af því að við ábyrgjumst frammistöðu kaffivélarinnar sem eðlilegan hluta af þjónustu eftir sölu.

Hvernig skaparðu kjörupplifun af kaffinu þínu?



Nespresso Momento Black Series (1175 / MH200)

Efnisyfirlit



1. Öryggisráðstafanir og almennar upplýsingar..... 6



2. Yfirlit yfir vél 16

2.1. Yfirlit hlutanna.....16

2.2. Viðmót vélar.....17



3. Vélaruppsetning 18



4. Gerð kaffis og hitað vatn 20

4.1. Kaffiuppskriftir..... 20

4.2. Aðrar uppskriftir 21



5. Notandastillingar 22

5.1. Sjálfvirk vélarskolun 22

5.2. Biðtímastillingar/orkusparnaðarstilling.....22

5.3. Endursetja verksmiðjustillingu 23

5.4. Hitastigsstillingar..... 24

5.5. Bollahitarastillingar..... 24

5.6. Endurforritun bollastærðar 25

5.7. Uppskriftalisti 27

5.8. Bein tenging við vatn INN/ÚT 28

5.9. Stilla vatnshörku 29



6. Dagleg þrif og viðhald.....31

6.1. Skolun vatnsgeymis.....31

6.2. Þrífðu afrennslisbakkann og hylkjaílátið (daglega).....32

6.3. Þrífðu kaffistútinn (daglega)..... 33

6.4. Afkölkun 34
6.4.1. Afkölkunartíðni 35
6.5. Tæming vélar 41
6.6. Vatnsgeymir fjarlægður 43



7. Tengjanleiki við vél 44



8. Viðhengi 45

1. Öryggisráðstafanir og almennar upplýsingar

Öryggisráðstafanir

Kynntu þér öll fyrirmæli í notendahandbókinni áður en vélin er notuð.

Almennar öryggisupplýsingar

- Í neyðartilfellum skal slökkva á vélinni með aðalrofanum sem er undir vatnsgeyminum á bak við afrennslisbakkann. Taktu vélina úr sambandi. Ef vélin er tengd við lagnir skal skrúfa fyrir vatnið að vélinni.
- Leyfilegt er fyrir börn 8 ára og eldri og fólk með takmarkaða líkamlega og/eða andlega getu eða sem skortir reynslu og kunnáttu til að nota tækið, ef þau hafi fengið leiðbeiningar eða fyrirmæli um örugga notkun heimilistækisins og geri sér ljósa hætturnar samfara því. Börn mega ekki leika sér með tækið.
- Tryggja skal að allir fylgihlutir (s.s. vatnsgeymir, lagnir o.s.frv.) virðist óskemmdir (s.s. slit eða sprungur o.s.frv.) sem gætu haft áhrif á virkni vélarinnar eða frammistöðu.
- Að minnsta kosti eitt eintak af notendahandbókinni skal vera til taks hvenær sem er fyrir starfsfólk í viðhaldi og umsjón. Öryggisreglur skulu vera tiltækar öllum notendum.
- Í vélinni eru seglar.

VIÐVÖRUN: Eldhætta

- Sjáðu til þess að öll loftræstiop séu hindranalaus. Þetta á líka við um aðstæður þar sem heimilistækið er hluti af innréttingunni.

Hætta á raflosti

Ef snert er við rafíhlutum þegar vélin er í notkun getur það leitt til dauða eða alvarlegra áverka.

- Þegar vélin er sett upp, færð til, fjarlægð, þjónustuð og/eða gert við hana skal þjálfað starfsfólk sem er þjálfað í réttri meðferð vélarinnar gera það í samræmi við staðla og þeir sem búa yfir sérþekkingu á vélinni, hvað varðar raföryggi og reglur um vinnueftirlit.

- Gakktu úr skugga um að rafspenna á vélinni sé sú sama og er á staðnum.
- Framlengingarsnúrur má nota eftir þörfum við uppsetningu.

Aths: framlengingarsnúrur verða að vera jarðtengdar og ætlaðar fyrir vélina.



- Ekki opna húsið á vélinni undir neinum kringumstæðum.
- Forðastu rakamyndun í kringum vélina.
- Aldrei má dýfa vélinni, rafsnúrunni eða kló í vatn eða annan vökva.
- Ekki má draga snúruna yfir hvassar brúnir, klemma fasta eða láta hanga niður.
- Vélarsnúrur mega ekki vera aðgengilegar börnum.
- Hætta skal umsvifalaust að nota vélina ef rafsnúran eða klóin skemmast.
- Bannað er að breyta rafklónni því að af því getur hlotist mikil eldhætta eða hætta á raflosti.
- Ekki láta snúruna liggja við heita fleti á vélinni. Það er stranglega bannað að nota vélina nálægt opnum eldi.
- Af öryggisástæðum skaltu ekki fjarlægja PE af rafsnúrunni.







Hvernig þurrka skal vélina ef hún blotnar eða vatnsleki verður (hætta á raflosti)

- Gakktu úr skugga um að rafsnúran sé þurr (einkum við klóna). Ekki snerta vota rafsnúru. Ef hún er vot skal bíða uns hún er þurr áður en áfram er haldið. Ef og þegar snúran er þornuð skal taka vélina úr sambandi.

Aths: taka þarf vélina úr sambandi, ekki bara slökkva á henni.



- Þurrka skal vélina með hreinum, mjúkum og þurrum klút. Athugaðu hvort vatn er undir vélinni og þurrkaðu upp ef svo er.
- Bíddu í eina klukkustund áður en vélin er sett í samband til notkunar.
- Ef vandinn er viðvarandi skaltu hafa samband við stjórnanda vélarinnar.



Matvælaáhætta

Neysla mengaðrar fæðu getur leitt til dauða eða alvarlegra áverka.



- Hreinsaðu vélina reglulega og í samræmi við þessa notendahandbók.
- Þegar vélin er þrifin eða afkölkuð skal tryggja að ljóst sé að vélin verði ekki notuð til að forðast að notendur neyti hreinsi- eða afkölkunarefna. Aldrei skal skilja vélina eftir án eftirlits í notkun við þrif, afkölkun eða tæmingu.
- Settu ferskt drykkjarvatn í vatnsgeyminn daglega.





VARÚÐ: Brunahætta

Ef heitir vökvar eru snertir getur það valdið litlum eða í meðallagi miklum áverkum.

- Ekki framkvæma vinnu undir stútum vélarinnar.
- Varastu að snerta heita vökva.
- Ekki snerta stúta áður eða eftir að vökvi hefur verið afgreiddur þaðan.
- Tæmið afrennslisbakkann varlega þegar vélin er þrifin.

Hætta á áverkum

Ef komið er við vélina að innanverðu getur það valdið minni háttar eða í meðallagi miklum áverkum.

- Ekki reka fingurinn í hylkisraufarnar.
- Ef hylki er fast í innsetningarrauf hylkis skal slökkva og taka vélina úr sambandi áður aðgerð er framkvæmd.

Fyrirhuguð notkun

Vélina má aðeins setja upp innanhúss á stöðugt og slétt undirlag sem ber þyngd vélarinnar (sjá viðbótarupplýsingar í „**Viðhengi**“).

Við uppsetningu í öðrum aðstæðum skal uppsetningarfyrirtækið leita uppi viðeigandi reglugerðir og uppfylla þær.

Vélin er ætluð til notkunar í vinnuumhverfi fyrir eftirfarandi starfslið:

- Sjálfsafgreiðsla: Þessir notendur nota vélina óháð öðrum með hnappaviðmótinu.
- Þjálfað rekstrarstarfslið: Þjálfað rekstrarstarfslið er starfslið sem stjórnar vélinni og framkvæmir þrif og viðhald eins og lýst er í þessari handbók.

Rekstur

Þessi vél hentar aðeins til að búa til kaffi og að skila heitu vatni.
Athugið eftirfarandi fyrirmæli:

- Þessi vél er gerð fyrir hylki frá **Nespresso** Professional, sem fást eingöngu hjá **Nespresso** og viðurkenndum söluaðilum.
- Tryggið að nauðsynlegt viðhald fari fram í samræmi við fyrirmæli og á þeim tímasetningum sem notendahandbókin ráðleggur.
- Ef liggur fyrir að nota ekki vélina í langan tíma (nokkrar vikur) skal þrífa, tæma og taka hana úr sambandi. Fyrst skal fylgja fyrirmælum um þrif í notendahandbók, en taka síðan vélina úr sambandi.

- Alltaf skal tryggja að vélin sé í uppréttri stöðu. Ekki flytja vélina á hliðinni eða á hvolfi.
- Allar aðrar aðgerðir en þær sem nefndar eru í þessari notendahandbók skulu framkvæma viðurkenndir og þjálfaðir þjónustuaðilar frá **Nespresso** eftirsölumiðstöðvum.





Þrif á vélinni

- Vélina þarf að þrífa í lok hvers dags til að tryggja hreinlæti og fæðuöryggi, tryggja endingu vélarinnar og stuðla að frábærri upplifun af **Nespresso**.
- Þrif og viðhald vélarinnar mega börn ekki framkvæma nema undir leiðsögn.
- Þessa vél þarf að afkalka og þrífa. Ávallt skal kynna sér öryggisráðstafanir á afkölkunarpakka og/eða þrif áður en áfram er haldið. Forðast skal snertingu við augu, húð og fleti.
- Nota skal til þess gerðar, einnota, mjúkar pappírsþurrkur til að þrífa alla stútana (kaffi eða vatn) til að hindra örverumengun. Þegar notuð eru til þess gerð einnota pappírshandklæði eða þurrkur skal tryggja að þau séu rök, en ekki vot, til að forðast hættu á raflosti.
- Nota má til þess gerð einnota pappírshandklæði eða þurrkur við þrif á vélinni að utan. Nota skal viðeigandi hreinsiefni (svo sem lyktarlaus kemísk efni og mild hreinsiefni sem eru matvælaörugg og rispa ekki).
- Sjá heildarleiðbeiningar í kafla „**Dagleg þrif og viðhald**“ til að tryggja góðan árangur við þrif á vélinni.







Fyrirvari: Ekki fjarlægja plasthlutann í kringum flotholtið í vatnsgeyminum.

Forðast skal mengun við meðferð á vélinni

- Örverumengun: þvo skal og sótthreinsa hendur og verkfæri eða efni sem notuð eru í viðhaldsvinnu á vélinni.
- Mengun af kemískum efnum: nota skal viðeigandi hreinsiefni í sótthreinsun (t.d. lyktarlaus kemísk efni, mild hreinsiefni, matvælaörugg og sem rispa ekki).
- Áþreifanleg mengun: ekki vera með utanaðkomandi efni sem dottið geta í bolla hjá viðskiptavini.
- Ofnæmisvaldar: nota skal aðeins annað hvort rakan einnota klút sem rispar ekki eða pappírshandklæði til að þrífa (sjá „**Dagleg þrif og viðhald**“).
- Aldrei má nota verkfæri sem hafa verið í snertingu við aðrar fæðutegundir.
- Ekki láta plasthluta eða íhluti úr vél í örbylgjuofn.
- Ekki hreinsa vélaríhluti í uppþvottavél nema annað sé tekið fram í þessari handbók.
- Ekki þrífa plasthluta með alkóhóli, etanóli, metanóli, metýleruðum spíra









eða sótthreinsiefnum. Ekki má nota hreinsiefni með sterkum sýrum eins og t.d. edikssýru.
- Ekki þrífa vélina með háþrýstingi eins og t.d. vatnsgeisla.
- Þrífa skal kaffistút með til þess gerðum einnota pappírshandklæðum sem rispa ekki.

Hreinlæti við vél

- Vélin framkvæmir sjálfkrafa skolun í hvert sinn sem hún fer í gang til að tryggja hámarks hreinlæti. Þannig eru uppfylltir hreinlætisstaðlar á öllum líftíma vélarinnar.

Viðhaldsvinna

- Viðurkenndir og þjálfaðir þjónustuaðilar skulu yfirfara vélina a.m.k. einu sinni á ári eða a.m.k. eftir hverja 25.000 drykki á kaffihaus.

  Aths: Viðhaldsáætlun verður að vera til staðar fyrir vélina.

- Viðhaldstáknið birtist framan á kaffivélinni þegar þörf er á þjónustu.

Förgun

- Við ráðleggjum þér að hafa samband við **Nespresso** til að farga vélinni, íhlutum og umbúðum samkvæmt gildandi reglum.

Takmörkun á ábyrgð

- Framleiðandi tekur enga ábyrgð á áverkum eða slysum ef ekki er farið eftir öryggisleiðbeiningum í þessari handbók.
- Framleiðandi er ekki bótaskyldur vegna neins konar skemmda sem verða vegna misnotkunar eða rangrar meðferðar á vélinni.
- Framleiðandinn ber ekki ábyrgð á neinum afleiðingum sem stafa af innri eða ytri breytingum á vélinni.

Ábyrgðarreglur

- Ábyrgðarskilmálar eiga við eftir samkomulagi við **Nespresso**.
- Bilanir vegna misnotkunar eða rangra tenginga eru utan ábyrgðar.
- Ábyrgð nær ekki yfir venjulegt slit hluta.
- Allar vélar **Nespresso** þurfa að fara í gegnum strangt eftirlit. Áreiðanleikaprófanir við raunaðstæður eru framkvæmdar á einingum völdum af handahófi. Það getur sýnt merki um fyrri notkun.


Hætta á efnislegu tjóni

- Þessi búnaður skal settur upp í samræmi við gildandi reglur alríkis, ríkis eða lagnakóða.
- Röng meðferð vélar getur leitt til skemmda á eignum.
- Þessi vél er gerð til innanhússnotkunar. Láttu hana vera í viðeigandi umhverfi (varða fyrir ryki, titringi, vatnsskvettum, beinu sólarljósi, meindýrum o.s.frv.).
- Fullvissaðu þig um að til staðar séu varnir gegn meindýrum og eftirlitskerfi og að vélin sé á svæði þar sem varnir eru gegn meindýrum.
- Láttu vélina á slétt, lárétt, stöðugt, hitaþolið og vökvaþolið yfirborð.
- Ekki láta vélina þar sem vatnsbuna kynni að verða notuð til að þrífa hana.
- Fyllið aðeins á geymana með til þess gerðum vökvum. Aldrei má láta mjólk í vatnsgeyminn.
- Geymdu vélina í ryklausu og þurru umhverfi, alltaf við hitastig yfir frostmarki.
- Valmöguleiki er um vél og undirskápa í samræmi við reglur um aðgengi fyrir fólk með fötlun. Kannaðu gildandi reglur um nánari upplýsingar.
- Aldrei má nota vélina án afrennslisristar.
- Vélin er í flokki 4, og skal vinna við hana fara fram við 5 °C til 32 °C í samræmi við hönnun.

Áminning


Að minnsta kosti eitt eintak af notendahandbókinni skal vera til taks hvenær sem er fyrir starfsfólk í viðhaldi og umsjón. Öryggisreglur skulu vera tiltækar öllum notendum.

Bilanaleit

Vandamál	Hugsanleg lausn
Hitastig drykkjanna úr **Nespresso** Momento Black Series er of hátt/ of lágt.	Breyttu hitastillingu á vélinni. Ef vandinn er viðvarandi skaltu hafa samband við stjórnanda vélarinnar.
Of langur/stuttur tími fer í **Nespresso** Momento Black Series drykki.	Breyttu tímastillingu uppskrifta á vélinni. Ef vandinn er viðvarandi skaltu hafa samband við stjórnanda vélarinnar.
Bollahitarinn virkar ekki.	Breyttu bollahitarastillingu á vélinni. Virkjaðu bollahitarann. Ef vandinn er viðvarandi skaltu hafa samband við stjórnanda vélarinnar. Athugaðu að það slokknar á bollahitaranum 2 klst eftir að vélin fer í biðstöðu.
Kaffidælan yfirhitnar. Það getur gerst þegar gert er kaffi mörgum sinnum í röð. Ef það gerist í afkölkunarferli má vera að of mikið hafi verið látið af afkölkunarlausn í vatnsgeyminn. Taktu vel eftir merkinu á vatnsgeyminum. Allir hnappar blikka hvítu ljósi og **viðhalds-LED-ljósið** blikkar gulrauðu en rólega. 	Bíddu uns vélin hefur kólnað.
LED-ljósið á vatnsgeyminum blikkar gulrauðu ljósi og **viðhalds-LED-ljósið** blikkar rauðu, en rólega. 	Kannaðu beinar vatnstengingar og vatnsstreymi (inn).
Viðhalds-LED-ljósið blikkar rólega rauðu og **LED-ljós afrennslisbakkans** blikkar gulrauðu en rólega. 	Kannaðu beinar vatnstengingar og vatnsstreymi (út).


Bilanaleit – Viðvörunartákn (LED)

LED-ljós afrennslisbakkans er stöðugt gulrautt




Afrennslisbakkinn fannst ekki. Settu hann til baka í vélina.

LED-ljós vatnsgeymis er stöðugt gulrautt




Vatnsgeymirinn fannst ekki. Settu hann til baka í vélina.

LED-ljós vatnsgeymis blikkar gulrautt



Fylltu á vatnsgeyminn og láttu hann aftur í vélina. Ef **LED-ljós vatnsgeymis** blikkar áfram skal tryggja að flotholtið sé ekki fast.


LED-ljós hylkjaíláts er stöðugt gulrautt



Hylkjaílát finnast ekki. Settu þau til baka í vélina.


LED-ljós hylkjaíláts blikkar gulrauðu





Hylkjaílát eru full. Tæmdu þau og settu til baka í vélina.

Viðhalds-LED-ljósið er stöðugt gulrautt


Komið er að fyrirbyggjandi viðhaldi.

Viðhalds-LED-ljósið er stöðugt rautt




Hringdu í eftirsölustuðning **Nespresso**.


LED-ljós kaffigerðareiningar blikkar gulrauðu




Hylkið er fast, ýttu á **Ristretto-hnappinn** einu sinni. Ef **LED-ljós kaffigerðareiningar** blikkar áfram gulrauðu skal ýta aftur á **Ristretto-hnappinn**. Ef LED-ljósið blikkar áfram skal hringja í eftirsölustuðning **Nespresso**.

Afkölkunar-LED-ljósið er stöðugt gulrautt



Mælt er með afkölkun. Eftir 15 daga fer **afkölkunar-LED-ljósið** að blikka gulrauðu. Þörf er á afkölkun (vélin er stífluð). Sjá „**Afkölkun**“ varðandi nánari upplýsingar.


LED-ljós afrennslisbakkans blikkar gulrauðu



Fjarlægðu afrennslisbakkasamstæðuna ásamt afrennslisristinni. Tæmdu afrennslisbakkann. Settu afrennslisbakkann til baka í vélina.

2. Yfirlit yfir vél

2.1. Yfirlit hlutanna




1	Bollahitari*
2	Fjarmælitæki** (staðsett inni í vélinni)
3	Rauf fyrir hylki
4	Lok á vatnsgeymi
5	Vatnsgeymir
6	Viðmót vélar
7	Kaffistútar
8	Hylkjaílát
9	Aðalrofi (fjarlægja verður afrennslisbakka til að komast að aðalrofa).
10	Bollahaldari 2x
11	Afrennslisrist
12	Inntak afrennslisbakka
13	Afrennslisbakki
14	Afrennslisbakkasamstæða
15	Flotholt

ⓘ Hægt er að setja viðurkennda vatnssíu frá **Nespresso** á vatnsgeyminn. Hafðu samband við þjónustuborð til að fá upplýsingar.

***** Hentar eingöngu fyrir gler og keramíkbolla.

****** Aðgerðin ekki fáanleg í öllum löndum. Hafðu samband við fulltrúa frá **Nespresso** varðandi nánari upplýsingar.

2.2. Viðmót vélar




Hnappar		Hnappalitir
1	Ristretto	hvítur
2	Espresso	hvítur
3	Lungo	hvítur
4	Americano	hvítur
5	Heitt vatn	hvítur


Viðvörunartákn (LED)		LED-litir
6	Vatnsgeymir	slökkt/gulrautt
7	Hylkjaílát	slökkt/gulrautt
8	Viðhald	slökkt/gulrautt/rautt
9	Kaffigerðareining	slökkt/gulrautt
10	Afkölkun	slökkt/gulrautt
11	Afrennslisbakki	slökkt/gulrautt

3. Vélaruppsetning


Nespresso Momento Black Series (1175 / MH200)




ⓘ Gakktu úr skugga um að kaffivélin sé á stað þar sem loftræsting er næg (a.m.k. 5 cm rými á bak við, við hliðar og ofan við vélina).



1 Áður en hylkjaílát eru látin í skal láta bollahaldara á sinn stað með því að halla þeim.



2 Settu hylkjaílátin í.




3 Settu rafmagnssnúruna í samband við innstungu. Gakktu úr skugga um að rafspenna sé sú sama og í „**Viðhengi**“. Kveiktu á vélinni. Láttu afrennslisbakkann í með afrennslisristinni.


4. Gerð kaffis og hitað vatn

	Nespresso Momento Black Series (1175 / MH200)

4.1. Kaffiuppskriftir




1 Veldu réttan bolla (stærð) fyrir uppskriftina (sjá „**Uppskriftalisti**“). Notaðu bollahaldara fyrir litla og meðalstóra bolla. Ýttu bollahaldara til hliðar ef stór bolli er notaður. Láttu bollann undir stútana. Við **kaffiundirbúning** skaltu láta hylki í raufina.



2 Veldu uppskrift með því að ýta á viðkomandi hnapp.

4.2. Aðrar uppskriftir



1 Þegar heitt vatn er útbúið skal ýta á **Heitavatnshnappinn** og fylla bollann af heitu vatni.

5. Notandastillingar

5.1. Sjálfvirk vélarskolun


Skolun vélar skiptir líka máli af **hreinlætisástæðum** en einnig til að viðhalda **hámarksafköstum vélar**. Það eru 2 mismunandi sjálfvirkar skolunarlotur:

Dagleg skolun við ræsingu
Í hvert sinn sem vélin ræsir framkvæmir hún sjálfkrafa skolunarlotu um 2 kaffi- og heitavatnsstúta.

Skolun eftir að farið er úr orkusparnaðarstillingu
Í hvert sinn sem vélin fer úr orkusparnaðarstillingu fer sjálfkrafa af stað skolunarlota til að þrífa kaffi- og heitavatnslínur og ná kjörhitastigi fyrir undirbúning á næsta drykk.

5.2. Biðtímastillingar/orkusparnaðarstilling

Vélin fer of fljótt í **Biðstöðu** ef hún er ónotuð. Tímaseinkun fyrir **Biðstöðu** má stilla á milli 30 og 6 klst án notkunar.




1 Ýttu á og haltu inni **Lungo-** og **Heitavatnshnöppunum** í 5 sekúndur til að komast í valmynd.

2 Ýttu á einhvern af eftirfarandi hnöppum eftir því hvaða stilling er valin:


Hnappur	**Biðtímastillingar**
Ristretto	30 mínútur
Espresso	2 klst
Lungo	4 klst
Americano	6 klst

ⓘ Ýttu á **Heitavatnshnappinn** til að fara út úr valmyndinni án breytinga.

5.3. Endursetja verksmiðjustillingu




1 Ýttu á og haltu inni **Americano-** og **Heitavatnshnöppunum** í 5 sekúndur til að komast í valmynd.



2 Ýttu á og haltu inni **Americano-hnappnum** í 5 sekúndur til að endurstilla vélina á verksmiðjustillingu.

ⓘ Ýttu á **Heitavatnshnappinn** til að fara út úr valmyndinni án breytinga.

5.4. Hitastigsstillingar




1 Ýttu á og haltu inni **Espresso-** og **Heitavatnshnöppunum** í 5 sekúndur til að komast í valmynd.

2 Ýttu á einhvern af eftirfarandi hnöppum eftir því hvaða stilling er valin:

Hnappur	**Hitastigsstillingar**
Ristretto	Lágt hitastig
Espresso	Miðhitastig
Lungo	Hátt hitastig

ⓘ Ýttu á **Heitavatnshnappinn** til að fara út úr valmyndinni án breytinga.

5.5. Bollahitarastillingar



1 Ýttu á og haltu inni **Lungo-** og **Americano-hnöppunum** í 5 sekúndur til að komast í valmynd.

2 Ýttu á einhvern af eftirfarandi hnöppum eftir því hvaða stilling er valin:


Hnappur	**Bollahitarastillingar**
Ristretto	Kveikt
Espresso	Slökkt

ⓘ Ýttu á **Heitavatnshnappinn** til að fara út úr valmyndinni án breytinga.

⚠ **VARÚÐ:** Bollahitarinn gæti verið heitur!

5.6. Endurforritun bollastærðar


Stillingar á bollastærðum eru sérstakar fyrir hverja gerð af vélarhaus.



1 Ýttu á og haltu inni **Ristretto-, Espresso-, Lungo-** og **Americano-hnöppunum** í 5 sekúndur til að komast í valmyndina. Það þarf 3 mismunandi aðgerðir til að endurforrita bollastærð eftir hvaða uppskrift um ræðir.


ⓘ Ýttu á **Heitavatnshnappinn** til að fara út úr valmyndinni án breytinga.

Endurforritun bollastærðar fyrir Ristretto, Espresso og Lungo.




Láttu hylki í raufina. Láttu bolla undir stútinn. Ýttu á og haltu inni **Ristretto-** eða **Espresso-** eða **Lungo-hnöppunum** til að endurforrita uns æskilegt bollamagn næst.

Endurforritun bollastærðar fyrir Americano



Ýttu einu sinni á **Americano-hnappinn**. Ýttu á **Espresso-hnappinn** til að fá **staðlaðan Americano** eða ýttu á **Lungo-hnappinn** til að fá **langan Americano**.

Endurforritun bollastærðar fyrir Heitt vatn



Ýttu og haltu inni **Heitavatnshnappnum** uns rétt bollamagn fæst.

5.7. Uppskriftalisti

Uppskriftir eru útbúnar með mismunandi hráefnum samkvæmt töflunni hér að neðan.

Uppskrift	**Vörumerkisbollar Nespresso** S = 80 ml M = 180 ml L = 350 ml	**hráefni**		**Ráðlögð endurforritun bollamagns hjá Nespresso** lágm – hám (u.þ.b.)
		1.	2.	
Ristretto (25 ml)	S	Kaffi (25 ml)		15 – 35 ml
Espresso (40 ml)	S	Kaffi (40 ml)		35 – 70 ml
Lungo (110 ml)	M	Kaffi (110 ml)		70 – 150 ml
Americano (150 ml eða 210 ml)	M	Kaffi (25 ml)	Heitt vatn (125 ml)	150 ml eða 210 ml
	L	Kaffi (50 ml)	Heitt vatn (160 ml)	


Aðrar uppskriftir		**hráefni**		
		1.		
Heitt vatn (225 ml)	L	Heitt vatn		125 – 325 ml

Bollastærðir í töflunni eru byggðar á stöðluðum uppskriftastærðum frá **Nespresso**.


5.8. Bein tenging við vatn INN/ÚT


Bein vatnstenging INN fyllir sjálfkrafa á vatnsgeyminn þegar vélin er tengd við lögn. **Bein vatnstenging ÚT** tæmir afrennslisvatn úr afrennslisbakka í afrennsli þannig að ekki þarf að tæma afrennslisbakkann handvirkt.

ⓘ Það þarf tæknilegt inngrip til að koma afrennslisbakkanum fyrir.



1 Ýttu á og haltu inni **Ristretto-** og **Americano-hnöppunum** í 5 sekúndur til að komast í valmynd.






2 Ýttu á**Ristretto-hnappinn**, til að fá **vatn beint INN**. Ýttu á **Espresso-hnappinn** til að fá **vatn beint ÚT**.

ⓘ Ýttu á **Heitavatnshnappinn** til að fara út úr valmyndinni án breytinga.


3 Ýttu á einhvern af eftirfarandi hnöppum eftir því hvaða stilling er valin:

Hnappur	**Bein tenging við vatn INN/ÚT**
Ristretto	Slökkt
Americano	Kveikt


5.9. Stilla vatnshörku




1 Ýttu á og haltu inni **Ristretto-** og **Espresso-hnöppunum** í 5 sekúndur til að komast í valmynd.



2 Láttu prófstrimil í vatnið í eina sekúndu og fjarlægðu síðan.




3 Eftir eina mínútu skiptir prófstrimillinn um lit.



4 Ýttu á einn af eftirfarandi hnöppum til að stilla hörku vatnsins, en hún fer eftir litnum á prófstrimlinum:

Litur á prófstrimli	Hnappur	Harka vatns
A	Ristretto	mjúkt
B	Espresso	meðal
C	Lungo	hart




5 Þegar búið er að ákvarða vatnshörkuna skal fjarlægja vatnsgeyminn úr vélinni. Fylltu á og láttu hann aftur í vélina.

6. Dagleg þrif og viðhald


Nespresso Momento Black Series (1175 / MH200)

Nespresso vélin hefur verið þróuð samkvæmt ströngustu stöðlum um gæði og áreiðanleika. Svo að tryggð sé afburða frammistaða og gæði í bolla skal framkvæma viðhald eins oft og krafist er.


6.1. Skolun vatnsgeymis




1 Fjarlægðu vatnsgeymi úr vélinni.



2 Fjarlægðu lokið af vatnsgeyminum. Tæmdu, þrífðu vatnsgeyminn með klút og skolaðu hann með drykkjarvatni.




3 Fylltu vatnsgeyminn með drykkjarvatni.




4 Festu lokið og láttu vatnsgeyminn aftur í vélina.


6.2. Þrífðu afrennslisbakkann og hylkjaílátið (daglega)



1 Fjarlægðu afrennslisbakkasamstæðuna ásamt afrennslisristinni. Ýttu bollahaldaranum til hliðar og fjarlægðu hylkjaílátin.




2 Tæmdu afrennslisbakkann. Tæmdu hylkjaílátið. Þvoðu alla íhluti með sápuvatni, skolaðu og þurrkaðu hvern fyrir sig.




3 Settu afrennslissamstæðu og hylkisílátin aftur aftur í vélina.


6.3. Þrífðu kaffistútinn (daglega)




1 Fjarlægðu kaffistútahlífarnar. **Varlega, því heita vatnið gæti dropið.**



2 Skolaðu kaffistútahlífina með fersku drykkjarvatni og þurrkaðu hana.



3 Þrífðu kaffistútinn með einnota þurrku eða pappírshandklæði.



4 Settu kaffistútahlífina aftur í vélina.

6.4. Afkölkun


▷ 🔍	**Nespresso Momento Black Series (1175 / MH200)**

Nauðsynleg efni:


Útbúðu eftirfarandi atriði til að ljúka afkölkun:

- Þrif á geymi
- Ílát fyrir afrennslisvatn
- 4 pokar af **Nespresso** afkalkara á vökvaformi

ⓘ Ferlið tekur um 15 mínútur. Nota skal **Nespresso** afkalkara á vökvaformi við afkölkun. **Aldrei** má nota edik.



Vatnsgeymirinn sýnir mismunandi merki. Sjá afkölkunarmerkingu þegar kaffikerfið er afkalkað.




ⓘ Ef vélin er með vatnssíu skal ávallt fjarlægja hana fyrir afkölkun.


6.4.1. Afkölkunartíðni

	Vatnshörkustilling	Tíðni afkölkunar á kaffikerfi eftir [# lítra]
Mikil vatnsharka	C	50
Vatnsharka í meðallagi	B	150
Lítil vatnsharka	A	300


	25 uppskriftir/ dag	50 uppskriftir/ dag	80 uppskriftir/ dag
Mikil vatnsharka	~1 mánuður	< 1 mánuður	< 1 mánuður
Vatnsharka í meðallagi	~3 mánuðir	~2 mánuðir	~1 mánuður
Lítil vatnsharka	~6 mánuðir	~3 mánuðir	~2 mánuðir




1 Þegar **Afkölkunartáknið** birtist gulrautt skal afkalka vélina. Ýttu á og haltu inni **Ristretto-** og **Heitavatnshnöppunum** í 5 sekúndur til að komast í valmynd.




2 Fjarlægðu vatnsgeymi úr vélinni. Tæmdu vatnsgeyminn.




3 Fylltu vatnsgeyminn að afkölkunarmerkinu og bættu við 4 pokum (400 ml) af afkalkara á vökvaformi frá **Nespresso**.



4 Festu lokið og láttu vatnsgeyminn aftur í vélina.




5 Láttu ílát undir frárennslisvatn (lágm. 1 l) undir alla stúta.




6 Ýttu á **Ristretto-hnappinn** til að hefja afkölkun.







7 **Americano-hnappurinn** verður stöðugt á þegar fyrsta fasa lýkur. Fjarlægðu og tæmdu ílátin með afrennslisvatninu.




8 Fjarlægðu vatnsgeymi úr vélinni.



9 Skolaðu vatnsgeyminn og tæmdu hann. Fylltu á vatnsgeyminn með fersku drykkjarvatni (að **hámarks** strikinu).




10 Festu lokið og láttu vatnsgeyminn aftur í vélina.




11 Láttu ílát undir frárennslisvatn (lágm. 1 l) undir alla stúta.




12 Ýttu á **Americano-hnappinn** til að hefja skolun.



13 Þegar áfanga tvö er lokið skal fjarlægja og tæma ílátin með afrennslisvatninu.




14 Fjarlægðu afrennslisbakkasamstæðuna ásamt afrennslisristinni. Tæmdu afrennslisbakkann. Þvoðu alla íhluti með sápuvatni, skolaðu og þurrkaðu hvern fyrir sig.




15 Settu afrennslisbakkasamstæðuna aftur í vélina.


6.5. Tæming vélar




1 Ýttu á og haltu inni **Ristretto-** og **Americano-hnappnum** í 5 sekúndur til að komast í valmynd.




2 Ýttu á **Lungo-hnappinn**.




3 Fjarlægðu vatnsgeymi úr vélinni. Tæmdu vatnsgeyminn.




4 Láttu vatnsgeyminn aftur í vélina.



5 Ýttu á **Lungo-hnappinn**. Ferlið byrjar. Þegar því er lokið hreinsar vélin öll LED-ljós og hægt er að slökkva á vélinni.




6 Þegar slökkt hefur verið á vélinni skal fjarlægja afrennslisbakkasamstæðuna ásamt afrennslisristinni. Tæmdu afrennslisbakkann. Þvoðu alla íhluti með sápuvatni, skolaðu og þurrkaðu hvern fyrir sig.



7 Settu afrennslisbakkasamstæðuna aftur í vélina.

6.6. Vatnsgeymir fjarlægður



Í hvert sinn sem vatnsgeymir er fjarlægður og settur aftur á sinn stað geta loftbólur farið í vökvarásina og þannig haft áhrif á afköst dælunnar og þar af leiðandi haft áhrif á heildarafköst vélar eða stöðugleika á magni í bolla. Til að leiðrétta það er beitt sjálfvirku ferli þegar búið er að láta vatnsgeyminn aftur í vélina.

7. Tengjanleiki við vél

Tengjanleiki Momento vísar til getu til fjartengingar við vélina til að annað hvort fá upplýsingar frá henni eða senda henni upplýsingar.

Hvert er hagræði viðskiptavina okkar?
Vegna eiginleika RSU (fjarhugbúnaðaruppfærsla) fá viðskiptavinir nýjustu upplýsingar um aðgerðir og endurbætur á vélinni. Ef vélin bilar getur tæknilið framkvæmt bilanaleit úr fjarlægð. Hægt er að breyta vélarstillingum úr fjarska.

RSU-ferlið er traust
Við setjum RSU-ferlið í forgang þegar vélin fer í **Biðstöðu** (þ.e. yfir nótt). Ferlið getur tekið allt að 1 klst og 30 mín, en það fer eftir gerð vélar og þess vegna er ólíklegt að það hafi áhrif á viðskiptavini í þessari stillingu.

Aðeins ein gullin regla er í gildi
Það verður alltaf að vera KVEIKT á vélinni.
Ef viðskiptavinir slökkva á vélinni yfir nótt er ekki hægt að uppfæra hana á meðan.
Rök okkar eru að „þvinga“ ekki fram RSU þegar vélin er í daglegum rekstri.
Það myndi krefjast mun meiri vinnu við að forðast óánægju viðskiptavina.


Athugaðu að vélin er ekki með WiFi.

8. Viðhengi

Bein tenging við vatn
Hægt er að tengja vélina beint við vatn. Ekki þarf að fylla á vatn. Aðeins er hægt að nota upprunalegt sett frá **Nespresso** til að tengja beint við vatn. Uppsetning skal vera í samræmi við þjóðarstaðla og reglugerðir. Vatnsslangan skal þola 14 bör. Það er krafa um þjálfaðan tæknimann frá **Nespresso** eða viðurkenndan pípulagningamann (uppsetning pípulagna) og ganga þarf úr skugga um að þrýstingur sé á milli 2 (lágm.) og 4 (hám.) bör (0,2 – 0,4 MPa). Þegar vélin er ekki í notkun skal tryggja að lokað sé fyrir beina tengingu við vatn og að SLÖKKT sé á aðalrofa vélarinnar til öryggis.

Tæknilýsing	
Þyngd	28 kg
Notkunarhitasvið	Vélin er í flokki 4, og skal vinna við hana fara fram við 5 °C til 32 °C í samræmi við hönnun.
Geymsluhitastig	–25 °C/ +60 °C (tæma þarf vél fyrir geymslu)
Stærð vatnsgeymis	4,6 l
Mál (B x D x H)	56 x 50 x 42 cm
Hávaðamengun	< 55 dBA
Leyfileg hámarks vatnsharka	45 °fH

Upplýsingar um fjarmælingar	
M4GM-EU-01	
Tíðnibil mótalds	**GSM:** 850/900/1800/1900 MHz **LTE-FDD:** B1/B3/B5/B7/B8/B20/B28 **LTE-TDD:** B38/B40/B41
Hámarksafköst útvarpstíðni	Flokkur 4 (33 dBm ±2 dB) fyrir GSM850 Flokkur 4 (33 dBm ±2 dB) fyrir EGSM900 Flokkur 1 (30 dBm ±2 dB) fyrir DCS1800 Flokkur 1 (30 dBm ±2 dB) fyrir PCS1900 Flokkur 3 (23 dBm± 2 dB) fyrir LTE- FDD-bandvíddir Flokkur 3 (23 dBm± 2 dB) fyrir LTE- TDD-bandvíddir
M4GM-GL-01	
Tíðnibil mótalds	**GSM:** 850/900/1800/1900 MHz **WCDMA:** B1/B2/B4/B5/B6/B8/B19 **LTE-FDD:** B1/B2/B3/B4/B5/B7/B8/B12/B13/B18/B19/B20/B25/B26/B28 **LTE-TDD:** B38/B39/B40/B41
Hámarksafköst útvarpstíðni	Flokkur 4 (33 dBm ±2 dB) fyrir GSM850 Flokkur 4 (33 dBm ±2 dB) fyrir EGSM900 Flokkur 1 (30 dBm ±2 dB) fyrir DCS1800 Flokkur 1 (30 dBm ±2 dB) fyrir PCS1900 Flokkur E2 (27 dBm ±3 dB) fyrir GSM850 8-PSK Flokkur E2 (27 dBm ±3 dB) fyrir EGSM900 8-PSK Flokkur E2 (26 dBm ±3 dB) fyrir DCS1800 8-PSK Flokkur E2 (26 dBm ±3 dB) fyrir PCS1900 8-PSK Flokkur 3 (24 dBm +1/–3 dB) fyrir WCDMA-bönd Flokkur 3 (23 dBm± 2 dB) fyrir LTE- FDD-bandvíddir Flokkur 3 (23 dBm± 2 dB) fyrir LTE- TDD-bandvíddir
M4GM-CN-01	
Tíðnibil mótalds	**GSM:** B3/B8 **LTE-FDD:** B1/B3/B5/B8 **LTE-TDD:** B34/B38/B39/B40/B41
Hámarksafköst útvarpstíðni	Flokkur 4 (33 dBm ±2 dB) fyrir EGSM900 Flokkur 1 (30 dBm ±2 dB) fyrir DCS1800 Flokkur 3 (23 dBm± 2 dB) fyrir LTE- FDD-bandvíddir Flokkur 3 (23 dBm± 2 dB) fyrir LTE- TDD-bandvíddir

Merkiplata	
Tegund vélar	**Nespresso** Professional kaffivél
Gerð	**Nespresso** Momento Black Series
Undirgerð	1175 / MH200
Spenna og tíðni	samkvæmt merkiplötu
Afköst	samkvæmt merkiplötu
Raðnúmer	samkvæmt merkiplötu
Framleiðsludagur	samkvæmt merkiplötu
	

Endurvinnsla á hylkjum og lok líftíma vélarinnar

Tækið uppfyllir tilskipun ESB 2012/19/EC. Umbúðaefni og tækið innihalda endurvinnanleg efni. Tækið inniheldur verðmæt efni sem hægt er að endurheimta eða endurvinna. Flokkun eftirstandandi úrgangsefna í mismunandi tegundir auðveldar endurvinnslu verðmætra hráefna. Farðu með tækið á móttökustöð fyrir endurvinnslu. Hægt er að fá upplýsingar um förgun hjá yfirvöldum á staðnum.
Til að kynna sér sjálfbærnimarkmið **Nespresso** er hægt að fara á **www.nespresso.com/positive**

Til að fá þjónustu skal hafa samband við fulltrúa **Nespresso** í viðkomandi landi á **www.nespresso.com**

Útgáfuupplýsingar

Útgáfa: Notendahandbók **Nespresso** Momento Black Series, upprunaleg notendahandbók

NESPRESSO
PROFESSIONAL

Nestlé Nespresso SA
Chaussée de la Guinguette 10
1800 Vevey
Sviss